

**Nd.**

## **529. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

### **1. gr.**

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemanda til þess að kenna iðn sína, er þeim skylt að gera við hann skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrir mælum laga þessara, og enn fremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga.

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrír og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnuáráðherra til 3 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu landsambands iðnaðarmanna, annar samkvæmt tilnefningu iðnráðs Reykjavíkur og sá þriðji án tilnefningar.

Áður en iðnaðarfulltrúar rita á námssamning nemanda, skulu þeir leita álits sveinafélags og meistarafélags staðarins, ef til eru, ella landssambands iðnaðarmanna, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni. Á þeim stöðum, þar sem félög sveina og meistara í einhverri iðngrein hafa komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skal því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúum.

Námssamningur er því aðeins gildur, að tveir iðnaðarfulltrúanna að minnsta kosti hafi samþykkt hann með undirskrift sinni.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

### **2. gr.**

3. gr. laganna skal orða svo:

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skuli vera. Skal atvinnuáráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, en leita áður um það tillagna landssambands iðnaðarmanna, en það leitar aftur umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri húa, geta sent tillögur sínar skriflega.

Tillögur aðilja þeirra, er að framan getur, skulu síðan bornar undir iðnaðarfulltrúa, áður en reglugerðin er gefin út.

### **3. gr.**

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem sjúkrasamlag er starfandi, skulu meistarar greiða iðgjöld til þess fyrir nemendur sína, meðan á námstímanum stendur, enda eigi þá nemendur ekki aðgang að meistara sinum um þau hlunnindi, er sjúkrasamlagið veitir.

### **4. gr.**

Í stað orðanna „iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum“, í 14. gr. laganna, komi: tveir iðnaðarfulltrúar.

### **5. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin niðurlagsorð 4. tölul. 15. gr. laga nr. 105 23. júní 1936: „áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum“, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **7. gr.**

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám, og gefa þau út svo breytt.